

Fundargerð háskólafundar

7. háskólafundur

föstudaginn 9. nóvember 2012

í stofu M102 kl. 14:15 – 16:00

Mættir:

Aníta Einarsdóttir	Fulltrúi Félags stúdenta við HA
Árún K. Sigurðardóttir	Forseti heilbrigðisvísindasviðs
Bragi Guðmundsson	Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Dagmar Ýr Stefánsdóttir	Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs
Guðfinna Hallgrímsdóttir	Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Grétar Þór Eypórsson	Fulltrúi Félags prófessora við ríkisháskóla sem starfa við Háskólann á Akureyri
Hafdís Skúladóttir	Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Hermann Óskarsson	Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Hjalti Jóhannsson	Forstöðumaður Rannsóknastofnunar HA
Hreiðar Þór Valtýsson	Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Ingibjörg Smáradóttir	Fundarritari
Ingveldur Tryggvadóttir	Fulltrúi starfsfólks við stjórnslu /stoðþjónustu
Júlíana Lárusdóttir	Fyrir hönd forstöðumanns upplýsingasviðs
Justyna Wróblewska	Fulltrúi Félags stúdenta við HA
Kristinn P. Magnússon	Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Kristín Sóley Sigursveinsdóttir	Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Leifur Guðni Grétarsson	Fulltrúi Félags stúdenta við HA
Pétur Karl Heiðarsson	Fulltrúi Félags stúdenta við HA
Rannveig Björnsdóttir	Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Rachael Lorna Johnstone	Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Rúnar Gunnarsson	Fulltrúi starfsfólks við stjórnslu /stoðþjónustu
Sigrún Sveinbjörnsdóttir	Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Sigurður Kristinsson	Forseti hug- og félagsvísindasviðs
Stefán B. Sigurðsson	Rektor
Stefán Smári Jónsson	Fulltrúi Félags stúdenta við HA

Steinunn Aðalbjarnardóttir Forstöðumaður kennsluviðs

Boðuð forföll:

Ársæll Már Arnarsson Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Helgi Gestsson Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Jón Haukur Ingimundarson Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Ólafur Halldórsson Framkvæmdastjóri

Sigrún Magnúsdóttir Gæðastjóri

Úlfar Hauksson Forstöðumaður fjármála

Fjarverandi:

Hafdís Björg Hjálmarsdóttir Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Hjördís Sigursteinsdóttir Fulltrúi stjórnar Félags háskólakennara við HA

Ingvar Teitsson Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Sæunn Pétursdóttir Fulltrúi Félags stúdenta við HA

Ögmundur Knútsson Forseti viðskipta- og raunvísindasviðs

Rektor setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann skipaði Ingibjörgu Smáradóttur, skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasvið, ritara fundarins og fór yfir dagskrá háskólafundar.

1. Stefnumótun Háskólans á Akureyri, fagleg málefni innan háskólans sem varða lagabreytingar og forkröfur að háskólanámi

[Lög um háskóla nr. 63/2006](#), (með breytingu nr. 67/2012 sem tók gildi 3. júlí 2012)

[Breytingar á lögum um opinbera háskóla](#) (í umsagnarferli)

[Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011](#), tengsl framhaldsskóla og háskóla

Rektor tilkynnti að ný Stefna fyrir Háskólann á Akureyri 2012-2017 hefði verið samþykkt þann 30. mars 2012 en stefnan á að vera lifandi og virkt skjal. Einkunnarorðin eru framsækni, jafnrétti, sjálfstæði og traust. Endurskoða á aðgerðaráætlun stefnunnar árlega og vinna í samráði við starfsfólk en til stendur að rafrænn hugmyndabanki í tengslum við aðgerðaráætlunina verði tilbúinn núna í nóvember. Ljóst er að háskólar verða að sækja sér fjármagn utanfrá til nýsköpunar. Mikilvægt er að sporna við brotthvarfi nemenda, að þeir ljúki námi sínu, og eins að hvetja til aukinnar rannsóknarvirkni, bæði kennara og nemenda í framhaldsnámi.

Rektor fór yfir rannsóknarvirkni kennara fyrir árið 2011, eftir stöðuheitum. Prófessorar eru með 40 stig, dósentar tæp 30 stig, lektorar tæp 20 stig og aðjúnktar með 7,5 stig. Sviðin eru að skila inn um 20 stigum að meðaltali og aukning er á rannsóknarstigum kennara, en því miður eru ekki allir virkir í rannsóknum. Ef skipt er niður eftir kyni, þá eru karlar að skila 30 stigum en konur 21, hugsanleg skýring er fjöldi kvenna í stöðu lektora og aðjúnkta. Umræður voru um skil rannsóknarstiga og taldi rektor mikilvægt að virkja alla til að

skila inn stigamati. Heildarrannsóknarstig HA samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands sýna aukningu frá árinu 2005 – 2011. Mikilvægt sé að birta vísindagreinar í ritryndum tímaritum.

Nemendafjöldi HA er í kringum 1500 nemendur, en mikilvægt er að vanda aðbúnað þeirra til að minnka brotthvarf sem þá eykur nemendafjölda. Umræður voru um stækkun háskóla og fjölda háskólanemenda og hvort háskólar væru að svara þörfum atvinnulífsins um menntun stúdenta. Mikil þörf er á tæknimenntuðu fólki en HR hefur verið að einbeita sér í meiri mæli að slíkri menntun undanfarið. Í farvatninu er samstarf VMA og HA í þróun námsbrautar í tæknimenntun, með IPA - styrk. Rektor upplýsti um styrk frá LÍÚ – Landssamband íslenskra útvegsmanna, en sá styrkur er ekki skilgreindur í ákveðin verkefni, heldur nýtist öllu háskólastarfi í rannsóknasjóði HA.

Þróun HA hefur verið sú að það eru að verða fleiri fjarnemendur en staðnemendur en mikilvægt er að jafnvægi sé þarna á milli. Umræður voru um hvort lotunemendur í meistaranámi væru skilgreindir í fjarnáms- eða staðnemendahópnum, en öll kennsla þeirra fer fram í HA. Huga þarf vel að gæðum fjarnáms- og lotunámsins. Búseta brautskráðra kandiðata frá HA skiptist þannig niður: Eyjafjarðarsvæði 49%, höfuðborgarsvæði 25% og á landsbyggðinni utan Eyjafjarðarsvæðis búa 26% brautskráðra nemenda. Á Íslandi eru 20 þúsund nemendur í háskólanámi, þar af eru 13 þúsund ársnemendur, þ.e. skila 60 einingum á skólaári, en hlutfall ársnemenda við HA er frekar hátt, um 1300 nemendur af 1500, en HÍ er með fleiri hlutanemendur en aðrir háskólar. Hlutfallsleg fjölgun háskólanemenda á Íslandi er meiri en hjá öðrum þjóðum þar sem þær voru mun fyrr með sína háskólavæðingu.

Samstarfsnet opinberu háskólanna mun halda áfram, en markmiðið er áframhaldandi samvinna þeirra á ýmsum sviðum en háskólarnir munu verða áfram, sem hingað til, sjálfstæðar einingar. Mikil ánægja er með samstarfið, HÍ sem þungamiðjan en HA verður ábyrgðaraðili fjarkennslunnar. Markmið samstarfsins innan háskólanna er að til verði: Eitt gæðakerfi, samræmt gæða- og vinnumat, samræmt ráðningarferli og framgangur innan háskólanna, eitt upplýsingakerfi með nemendaskrá, einn kennslu- og námsvefur fyrir fjarkennslu. Einnig heildarsamræming á stoðþjónustu og stjórnslu, sameiginleg miðstöð framhaldsnáms með höfuðáherslu á doktorsnám, skipulegt samstarf um kennslu og rannsóknir á ákveðnum sviðum/greinum, sameiginleg vefgátt fyrir opinbera háskóla og sameiginleg umsóknargátt fyrir nýnema. Ákveðið hefur verið að framlengja starf verkefnastjórnar og fastsetja inn í lög um opinbera háskóla, fjármagn er áætlað 150 milljónir á ári til verksins. Nú hafa 55 nemendur nýtt sér gestanám milli opinberu háskólanna sem er mjög jákvætt.

Gæðaúttektir á háskólunum eru á hverju ári, verið er að ljúka gæðamati á viðskiptafræðinni hjá HA á þessu ári, á næsta ári verður mat á kennara- og félagsvísindadeildum og árið 2013/2014 verður komið að hjúkrunar- og iðjuþjálfunarfræðideildum. Framtíðarsýn HA er að starfa í alþjóðlegu umhverfi, auka samstarf opinberra háskóla og þá sérstaklega við Háskólann á Hólum og viðhalda sterkri stöðu fjarnámsins.

Rektor fór yfir lög um háskóla og kynnti breytingar og viðauka [Lög um háskóla nr. 63/2006](#), (með breytingu nr. 67/2012 sem tók gildi 3. júlí 2012): Kynntar voru breytingar á 2., 3., 4., 7., 12. og 13. greinum. [Breytingar á lögum um opinbera háskóla](#) (í umsagnarferli):

Í þau lög er komið ákvæði um samstarfsnet opinberu háskólanna [Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011](#), tengsl framhaldsskóla og háskóla:

Kynntar breytingar sem koma til framkvæmda árið 2015, miðað er við fjögur hæfnisstig, þrjú til stúdentsprófs og eitt til framhaldsskólaprófs, en HA kemur að þróun þess síðasttalda, ásamt VMA.

2. Tilnefning tveggja fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð HA 2012 - 2014

Kosning fulltrúa í háskólaráð.

Eftirtaldir höfðu boðið sig fram:

Hermína Gunnþórsdóttir, lektor í kennaradeild

Hjörleifur Einarsson, prófessor í auðlindadeild

Ingveldur Tryggvadóttir, skjalastjóri

Óskar Þór Vilhjálmsson, tæknimaður á samskiptamiðstöð

Sigríður Vilhjálmisdóttir, verkefnastjóri aðfangadeild/bókasafn (sem varafulltrúi)

Rektor lagði til að kosningu yrði hagað þannig að fyrst yrðu kosnir aðalfulltrúar og því næst varafulltrúar. Þá var gengið til kosninga um aðalfulltrúa háskólasamfélagsins. Á hvern atkvæðaseðil voru skrifuð nöfn tveggja frambjóðenda Fulltrúar félags stúdenta, Leifur Guðni Grétarsson og Aníta Einarisdóttir voru tilnefnd sem teljarar. Tuttugu aðilar greiddu atkvæði á fundinum. Ingibjörg Smáradóttir, ritari fundarins, skráði niðurstöður kosninganna.

Atkvæði féllu þannig:

Hermína Gunnþórsdóttir	11 atkvæði
Hjörleifur Einarsson	11 atkvæði
Ingveldur Tryggvadóttir	8 atkvæði
Óskar Þór Vilhjálmsson	8 atkvæði
Sigríður Vilhjálmisdóttir	2 atkvæði - ógild

Hermína Gunnþórsdóttir og Hjörleifur Einarsson teljast því rétt kjörin sem aðalfulltrúar háskólasamfélagsins 2012 – 2014

Þá voru kosnir varafulltrúar og fór sú kosning fram á sama hátt. Tuttugu aðilar greiddu atkvæði.

Ingveldur Tryggvadóttir	15 atkvæði
Óskar Þór Vilhjálmsson	15 atkvæði
Sigríður Vilhjálmisdóttir	10 atkvæði

Ingveldur Tryggvadóttir og Óskar Þór Vilhjálmsson voru því rétt kjörnir varafulltrúar í háskólaráði 2012 - 2014

3. Önnur mál

Engin önnur mál komu inn á fundinn

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:10.

Ingibjörg Smáradóttir
fundarritari